

**Samantekt: Starfsmannavelta og starfslokaviðtöl hjá 100 stærstu fyrirtækjum á Íslandi**

**Nemandi: Anna Guðmundsdóttir**

**Sérsvið: Mannauðsstjórnun**

**Dagsetning: Maí 2007**

Þetta verkefni snérist um að athuga, hjá 100 stærstu fyrirtækjum á Íslandi, hvernig staðið er að mælingum á starfsmannaveltu, hvort framkvæmd starfslokaviðtala fer fram, hverjar séu ástæður uppsagna að mati stjórnenda og hversu mikil áhrif stjórnendur telja að sálfræðilegi samningurinn hafi á ákvörðun starfsmanns um að hætta í starfi. Spurningalisti um þessi atriði voru send á netföng starfsmannastjóra eða fjármálastjóra 100 fyrirtækja á Íslandi sem talin voru stærst árið 2006 miðað við starfsmannafjölda samkvæmt tímaritinu Frjálsri verslun. Alls svöruðu 59 spurningalistanum og svarhlutfall því 59%. Niðurstöður leiddu í ljós að hjá aðeins 56% fyrirtækjanna var starfsmannaveltan mæld en hún mældist frá 2% upp í 70% en meðalstarfsmannavelta var 16,9%. Af þeim sviðum sem athuguð voru var verslunarsvið með marktækt hærri starfsmannaveltu en hin sviðin sem voru fjármálasvið, heilbrigðissvið og sjávarútvegssvið. Einnig kom fram að þegar mæling á starfsmannaveltu var skoðuð fyrir hvert svið fyrir sig var starfsmannavelta ekki mæld í 78% tilvika hjá fyrirtækjum á sjávarútvegssviði. Hjá 46% fyrirtækjanna var starfslokaviðtal framkvæmt og í langflestum tilvikum var það starfsmannastjóri fyrirtækisins sem tók viðtalið. Í ljós kom að 54% stjórnenda fyrirtækjanna þekktu ekki til sálfræðilega samningsins en 74% þeirra sem sögðust þekkja til sálfræðilega samningsins töldu að hann hefði mikil eða frekar mikil áhrif á ákvörðun um að hætta í starfi. Að lokum þegar spurt var um ástæður uppsagna kom fram að 75% stjórnenda töldu launin vera helsta ástæðan fyrir því að starfsfólk þeirra hætti störfum hjá þeim og 51% þeirra töldu ástæðuna einnig geta verið að starfsfólk hafi fengið betra starf hjá öðru fyrirtæki. Af þessum niðurstöðum má draga þá ályktun að um helmingur stjórnenda hjá þessum fyrirtækjum viti ekki af hverju starfsfólk segir upp starfi sínu til að fara að starfa hjá öðru fyrirtæki og sé ekki markvisst að reyna að hafa áhrif á starfsmannaveltuna.